Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 305/1994. **Þrotabú Davíðs Axelssonar**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
**Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar hf.**
(Ragnar H. Hall hrl.)

Mál fellt niður. Málskostnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 19. janúar 1995, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Stefndi hefur tvívegis sótt dómþing í málinu, en ekki hefur borist greinargerð frá honum. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 5.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, þrotabú Davíðs Axelssonar, greiði stefnda, Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar, 5.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.